

## Sjúkdómatrygging

## S8

## Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
  - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
  - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framfar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framfar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framfar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framfar frávikjanlegum lagaákvæðum.

## Hugtaka- og orðaskilgreiningar

<b>Félagið:</b>	Merkir Sjóvá Almennar líftryggingar hf.
<b>Vátryggingartaki:</b>	Sá sem gert hefur samning við félagið.
<b>Vátryggður:</b>	Sá sem tryggður er.
<b>Iðrunarréttur:</b>	Vátryggður hefur 30 daga frest til að segja vátryggingunni upp eftir að hún tók gildi. Verði vátryggingunni sagt upp innan þess tíma ber vátryggðum að greiða iðgjald fyrir þann tíma sem hann var vátryggður.
<b>Rétthafi:</b>	Hver sá sem á kröfu um greiðslu bóta.

**Efnisyfirlit**

---

1. gr.	Grundvöllur samnings .....	3
2. gr.	Gildistaka .....	3
3. gr.	Bótasvið og greiðslur bóta .....	3
4. gr.	Vátryggingaratburður og skilgreiningar .....	3
5. gr.	Barnasjúkdómatrygging .....	7
6. gr.	Vátryggður veldur vátryggingaratburði .....	7
7. gr.	Takmarkanir á bótaskyldu .....	8
8. gr.	Iðgjaldafrelsi .....	8
9. gr.	Réttur til hækkunar á vátryggingarfjárhæð án yfirlýsingar um heilsufar .....	8
10. gr.	Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á vátryggingartímabilinu .....	9
11. gr.	Vísitöluákvæði .....	9
12. gr.	Iðgjaldabreytingar og breytingar á grundvelli vátryggingarinnar .....	9
13. gr.	Réttur til uppsagnar á vátryggingartímanum .....	9
14. gr.	Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar .....	10
15. gr.	Rétthafar .....	10
16. gr.	Frestur til að tilkynna um vátryggingaratburð .....	10
17. gr.	Fyrning .....	10
18. gr.	Ágreiningur .....	10
19. gr.	Varnarþing .....	10
20. gr.	Þagnarskylda - vernd persónuupplýsinga .....	10

## 1. gr. Grundvöllur samnings

Til grundvallar váttryggingarsamningi þessum eru upplýsingar á váttryggingarbeiðnum, umsóknareyðublöðum og öðrum gögnum sem tengjast samningnum, bæði við upprunalega gerð hans og síðar.

Í 14. gr. skilmála þessara er kveðið á um áhrif brota á upplýsingaskyldu, svika og rangrar upplýsingagjafar um áhættuna við töku váttryggingarinnar og við uppgjör bóta.

## 2. gr. Gildistaka

Ábyrgð félagsins hefst þegar það hefur mótttekið fullbúna, skriflega váttryggingarbeiðni samkvæmt 74. gr. laga um váttryggingasamninga, enda verði henni ekki hafnað af áhættumati félagsins. Við samþykkt váttryggingarbeiðnar öðlast váttryggingin gildi frá móttöku beiðnarinnar, nema váttryggingartaki hafi skriflega óskað eftir öðrum gildistökutíma og hefst þá ábyrgð félagsins frá því tímamarki.

Samningstími váttryggingarinnar er skráður á váttryggingarskírteinið.

## 3. gr. Bótasvið og greiðslur bóta

Félagið greiðir heildarváttryggingarfjárhæðina sem fullnaðarbætur í einu lagi vegna miska í kjölfar staðfests váttryggingaratburðar skv. 4. gr. skilmálanna. Við greiðslu bóta fellur váttryggingin þar af leiðandi úr gildi, þó ekki við útborgun skv. 5. gr. skilmálans.

Bætur eru ekki greiddar til váttryggðs nema váttryggingaratburður sé staðfestur á gildistíma váttryggingarinnar.

Greinist sjúkdómur eftir að váttryggingin er úr gildi fallin er engin bótaskylda til staðar þó leiða megi líkum að því að sjúkdómur hafi verið til staðar meðan váttryggingin var í gildi.

Bætur eru ekki greiddar fyrr en sérfræðingur hér á landi í viðkomandi sérgrein hefur staðfest sjúkdómsgreininguna. Félagið greiðir kostnað við öflun læknisvottorða sem félagið telur nauðsynleg til afgreiðslu málsins og aflað er að beiðni þess. Félagið greiðir ekki kostnað vegna lögmannaðstoðar né heldur annan kostnað sem stofnað er til vegna váttryggingaratburðar án samþykkis félagsins.

Bótafjárhæðin miðast við váttryggingarfjárhæðina sem í gildi var þegar váttryggingaratburður varð skv. 4. gr. skilmálanna með þeirri mánaðarlegu breytingu sem verða kann á váttryggingarfjárhæðinni miðað við vísitölu neysliverðs til verðtryggingar frá váttryggingaratburði til tilkynningardags.

Bætur greiðast innan fjórtán daga frá því að félaginu berast fullnægjandi gögn sem staðfesta greiðsluskyldu þess. Um vexti af bótafjárhæðinni fer samkvæmt 123. gr. laga nr. 30/2004.

## 4. gr. Váttryggingaratburður og skilgreiningar

Váttryggingaratburður telst einungis verða ef váttryggður greinist með einhvern þeirra sjúkdóma, gengst undir einhverja þeirra aðgerða eða hann hendi eitthvert þeirra tilvika sem talin eru upp og skilgreind hér á eftir:

### Hjartaáfall (Myocardial Infarction)

Drep í hluta hjartavöðvans vegna ófullnægjandi blóðflæðis til svæðisins. Greiningin skal staðfest af sérfræðingi og byggð á öllum eftirfarandi þáttum :

- sögu um dæmigerðan brjóstverk
- nýjum einkennandi hjartalínuritsbreytingum
- hækkun sértækra efnahvata hjartavöðva, trópóníns eða annarra lífefnavísa.

Undanskilið er:

- hjartafleygdrep án ST-hækkunar (NSTEMI) með eingöngu hækkun trópóníns I eða T.
- Önnur bráð kransæðaheilkenni.
- Þögult hjartaáfall.

**Kransæðahjáveituaðgerðir (Coronary Artery Bypass Surgery)**

Opin brjóstholsskurðaðgerð til að lagfæra þrengsli eða stíflur í einni eða fleiri kransæðum með kransæðahjáveitugræðlingi (CABG). Skurðaðgerð skal sannanlega hafa verið nauðsynleg samkvæmt kransæðamyndatöku (angiography) og að mati sérfræðings.

Undanskilið er:

- Aðrar aðgerðir s.s. æðalögun (angioplasty) og/eða aðgerðir innan slagæða;
- Aðgerðir um lítið op (key-hole surgery).

**Hjartalokuskurðaðgerð (Heart Valve Surgery)**

Viðgerð eða skipti á einni eða fleiri hjartalokum með opinni brjóstholsaðgerð. Þetta tekur til skurðaðgerða á ósæðarloku, míturlöku, lungnastofnsloku eða þríblöðkulöku þegar um er að ræða þröng (stenosis), leka eða báða þessa þætti. Aðgerðin skal hafa verið nauðsynleg að mati sérfræðings.

**Skurðaðgerð á ósæð (Surgery of Aorta)**

Skurðaðgerð á ósæð vegna langvinnis ósæðarsjúkdóms þar sem hluti ósæðar er skorinn í burt og í stað hins sjúka hluta er settur græðlingur (graft). Með ósæð er hér átt við brjóstholshlutana og kviðarholshlutana æðarinnar en ekki greinar hennar. Aðgerðin skal hafa verið nauðsynleg að mati sérfræðings.

**Heilablóðfall (Stroke)**

Sérhver blóðrásartruflun í heila sem veldur varanlegum einkennum frá taugakerfi (neurological sequelae); þetta nær til fleygdreps í heilavef, blæðinga og blóðreks frá upptökum utan höfuðkúpu. Greiningin skal vera staðfest af sérfræðingi byggð á klínískum einkennum og niðurstöðu tölvusneiðmyndar (CT) eða segulóm skoðunar (MRI). Sýnt skal fram á starfsgalla í taugakerfi í að minnsta kosti þrjú mánuði.

Undanskilið er:

- Skammvinnt blóðþurrðarkast (TIA)
- Heilaskaði vegna áverka
- Taugakerfiseinkenni vegna mígrenis.
- Ördrep án taugakerfistruflunar.

**Alvarlegur höfuðáverki**

Alvarlegur áverki á höfði sem truflar heilastarfsemi. Greining þarf að vera staðfest af sérfræðingi og dæmigerðum niðurstöðum myndgreiningar á taugakerfi t.d. tölvusneiðmyndar (CT) eða segulóm skoðunar (MRI). Áverkinn verður að hafa leitt til varanlegs óhæfis til þess að framkvæma sjálfstætt þjálfun eða fleiri athafnir daglegs lífs (ADL), baða sig, klæðast, afklæðast, fara á og nota salerni, fara úr rúmi í stól eða úr stóli í rúm, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum, borða, drekka og taka lyf eða verður að hafa leitt til varanlegrar rúmlegru og óhæfis til að fara á fætur án utanaðkomandi aðstoðar. Þetta ástand skal hafa varað í a.m.k. þrjú mánuði samkvæmt lækisfræðilegri staðfestingu.

**Krabbamein (Cancer)**

Illkynja æxli sem einkennist af stjórnlausum vexti og dreifingu illkynja fruma ásamt ífarandi vexti í vefi. Sjúkdómsgreiningin verður að vera staðfest af sérfræðingi með sérstakri vefjagreiningu. Hvítblæði og illkynja sjúkdómar í eitlakerfinu svo sem Hodgkinssjúkdómur falla einnig undir þessa skilgreiningu.

Undanskilið er:

- Sérhvert stig af innanþekjuæxli í leghálsi (CIN)
- Sérhvert forstig illkynja æxlis (pre-malignant tumour)
- Sérhvert krabbamein án íferðar /setbundið krabbamein (cancer in situ)
- Blöðruhálskirtilskrabbamein á stigi 1 (T1a, 1b, 1c)
- Grunnfrumukrabbamein (basal cell carcinoma) og flöguþekjukrabbamein (squamous cell carcinoma)
- Illkynja sortuæxli á stigi 1A (T1a, N0, M0)
- Sérhvert illkynja æxli samfara eyðniveiru (HIV)

**Góðkynja heilaæxli (Benign Brain Tumour)**

Brottnám góðkynja heilaæxlis framkvæmt í svæfingu og leiðir til viðvarandi taugrænnar truflunar (neurological deficit) eða ef það er óskurðtækt og leiðir einnig til viðvarandi taugrænnar truflunar. Greining þarf að vera staðfest af sérfræðingi og þarf að styðjast við niðurstöður tölvusneiðmyndar (CT) og segulóm skoðunar (MRI) af höfði. Einkenni frá taugakerfi þurfa að hafa varað í a.m.k. 3 mánuði.

Undanskilin eru:

- Öll belgmein (cysts)
- bólguhnúðar (granuloma)
- vanskapnaður á eða í slagæðum eða bláæðum heilans
- margúlar (hematoma)
- æxli í heiladingli eða mænu

**Heila- og mænusigg (Multiple Sclerosis)**

Ótvíræð greining heila- og mænusiggs, gerð af sérfræðingi í taugasjúkdómum. Þessu til staðfestingar skulu einkenni afmýlingar og truflun hreyfinga og skynjunar vera dæmigerð ásamt niðurstöðum segulóm rannsóknar (MRI). Vátryggður verður að hafa haft taugakerfiseinkenni samfleytt í a.m.k. sex mánuði eða fengið a.m.k. tvö klínískt staðfest tímabil einkenna með a.m.k. mánaðar millibili. Sé aðeins um eitt tímabil að ræða þurfa einkennandi niðurstöður í mænuvökva að vera til staðar ásamt því að sértækar breytingar (lesions) séu greindar með niðurstöðu segulóm skoðunar (MRI).

**Hreyfitaugungahrörmun (Motor Neurone Disease)**

Ótvíræð greining hreyfitaugungahrörmunar (t.d. hliðarstrengjahersli, frumkomin hreyfitaugungahrörmun, ágeng vista, ágeng mænukyllulömun, sýndarmænukyllulömun) skal gerð af sérfræðingi í taugasjúkdómum og byggð á dæmigerðum niðurstöðum rafvöðvarits og raftaugarits. Sjúkdómurinn verður að hafa leitt til varanlegs óhæfis til þess að framkvæma sjálfstætt þrjár eða fleiri athafnir daglegs lífs (ADL), baða sig, klæðast, afklæðast, fara á og nota salerni, fara úr rúmi í stól eða úr stóli í rúm, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum, borða, drekka og taka lyf eða verður að hafa leitt til varanlegrar rúmlegu og óhæfis til að fara á fætur án utanaðkomandi aðstoðar. Þetta ástand skal hafa varað í a.m.k. þrjá mánuði samkvæmt læknisfræðilegri staðfestingu.

**Alzheimers-sjúkdómur fyrir 60 ára aldur**

Greining Alzheimers-sjúkdóms (presenile dementia) fyrir 60 ára aldur. Greininguna skal staðfesta með dæmigerðum niðurstöðum rannsókna á vitrænni getu og taugamyndgreiningarrannsóknum á heila (t.d. tölvusneiðmynd (CT), segulóm skoðun (MRI) eða jáeindaskönnun (PET)). Sjúkdómurinn verður að hafa leitt til varanlegs óhæfis til að framkvæma sjálfstætt þrjár eða fleiri athafnir daglegs lífs (ADL), baða sig, klæðast, afklæðast, fara á og nota salerni, fara úr rúmi í stól eða úr stóli í rúm, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum, borða, drekka og taka lyf eða leitt til þarfar á eftirliti og varanlegri viðveru umönnunaraðila vegna sjúkdómsins. Þetta ástand skal hafa varað í a.m.k. þrjá mánuði samkvæmt læknisfræðilegri staðfestingu.

**Parkinsonsveiki fyrir 60 ára aldur**

Ótvíræð greining á Parkinsonsveiki af óþekktri orsök eða frumkominni Parkinsonsveiki fyrir 60 ára aldur gerð af sérfræðingi í taugasjúkdómum. Öll önnur form af Parkinsonsheilkenni eru undanskilin. Sjúkdómurinn verður að hafa leitt til varanlegs óhæfis til þess að framkvæma sjálfstætt þrjár eða fleiri athafnir daglegs lífs (ADL), baða sig, klæðast, afklæðast, fara á og nota salerni, fara úr rúmi í stól eða úr stóli í rúm, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum, borða, drekka og taka lyf eða verður að hafa leitt til varanlegrar rúmlegu og óhæfis til að fara á fætur án utanaðkomandi aðstoðar. Þetta ástand skal hafa varað í a.m.k. þrjá mánuði samkvæmt læknisfræðilegri staðfestingu.

**Meiriháttar líffæraflutningar**

Vátryggður gengst undir líffæraflutning sem þegi á hjarta, lunga, lifur, briskirtli, smápörmum, nýra eða beinmerg.

**Nýrnabilun (Kidney Failure)**

Lokastig nýrnabilunar sem einkennist af langvinnri varanlegri bilun á starfsemi beggja nýrna og leiðir til reglubundinnar blóðskilunar (renal dialysis), himnuskilunar (peritoneal dialysis) eða til ígræðslu á nýra (renal transplantation).

**Alvarleg brunasár**

Þriðja stigs brunasár sem þekja a.m.k. 20% af yfirborði líkama vátryggðs, staðfest af sérfræðingi. Lund Browder Chart eða sambærilegt matskerfi skal nota við greininguna.

**Útlimamissir**

Varanlegur missir tveggja eða fleiri útlima ofan úlnliðs eða ökkllaliðs vegna slyss eða sjúkdóms.

**Blinda**

Alger, varanlegur og óbætanlegur missir sjónar á báðum augum, staðfestur af sérfræðingi í augnlækningum með sértækum rannsóknarniðurstöðum.

**Heyrnarleysi**

Algjör, varanlegur og óbætanlegur heyrnarmissir á báðum eyrum vegna sjúkdóms eða slyss, staðfestur af sérfræðingi í háls-, nef- og eyrnalækningum og niðurstöðum heyrnarmælinga.

**Alnæmi (AIDS) vegna blóðgjafar**

Smit af völdum eyðniveiru (HIV) eða staðfest greining á alnæmi (AIDS) sem rekja má til blóðgjafar. Öll eftirfarandi skilyrði verða að vera til staðar:

- Læknir verður að hafa metið blóðgjöfina læknisfræðilega nauðsynlega og blóðgjöfin sjálf verður að hafa átt sér stað eftir að vátryggingin tók gildi.
- Heilbrigðisstofnunin sem veitti blóðgjöfina verður að viðurkenna ábyrgð sína.
- Vátryggður er ekki blæðari.

**Alnæmi (AIDS) vegna starfa**

Eyðniveirusmit af völdum óhapps sem vátryggður verður fyrir í starfi sínu samkvæmt venjubundinni starfslýsingu. Öll óhöpp sem mögulega geta leitt til bótakröfu verður að tilkynna til félagsins innan 7 daga frá óhappinu. Með tilkynningunni skal óhappaskýrsla fylgja ásamt staðfestingu á neikvæðri niðurstöðu úr HIV mótefnamælingu sem tekin var strax eftir óhappið. Breyting í jákvætt próf (seroconversion) skal hafa gerst innan 6 mánaða frá óhappinu.

**Heilahimnubólga af völdum bakteríusýkingar (Bacterial Meningitis)**

Staðfest greining á bólgu í himnunum sem umlykja heila og mænu. Sérfræðingur skal staðfesta greininguna með blóð- og mænuvökvarannsóknum, tölvusneiðmyndum (CT) eða segulómskoðun (MRI) af höfði. Sjúkdómurinn verður að hafa leitt til varanlegs óhæfis til þess að framkvæma sjálfstætt þrjár eða fleiri athafnir daglegs lífs (ADL), baða sig, klæðast, afklæðast, fara á og nota salerni, fara úr rúmi í stól eða úr stóli í rúm, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum, borða, drekka og taka lyf eða verður að hafa leitt til varanlegrar rúmlegu og óhæfis til að fara á fætur án utanaðkomandi aðstoðar. Þetta ástand skal hafa varað í a.m.k. þrjá mánuði samkvæmt læknisfræðilegri staðfestingu.

**5. gr. Barnasjúkdómatrygging**

Félagið greiðir bætur vegna vátryggingaratburðar sem börn vátryggðs, samkvæmt neðangreindum aldursmörkum, verða fyrir á gildistíma vátryggingarinnar. Einnig greiðir félagið bætur samkvæmt sömu skilgreiningu vegna fósturbarna og stjúpbarna vátryggðs sem eiga lögheimili og búa á sama stað og vátryggður.

Vátryggingaratburður telst einungis verða ef barn greinist með einhvern þeirra sjúkdóma, gengst undir einhverja þeirra aðgerða eða það hendi eitthvert þeirra tilvika sem talin eru upp og skilgreind í 4. gr.

Um barnasjúkdómatrygginguna gilda eftirfarandi aldursmörk:

- börn sem orðin eru þriggja mánaða og yngri en átján ára eru vátryggð fyrir eftirtöldum vátryggingaratburðum samkvæmt 4. gr. skilmálanna: Krabbamein – Góðkynja heilæxli – Alvarleg brunasár
- börn sem orðin eru tveggja ára og yngri en átján ára eru vátryggð fyrir vátryggingaratburðum samkvæmt 4. gr. skilmálanna.

Bætur úr barnasjúkdómatryggingu eru 50% af vátryggingarfjárhæð vátryggðs, en þó að hámarki kr. 6.800.000 vegna hvers barns. Bætur vegna sama barns geta aldrei orðið hærrí jafnvel þótt í gildi séu hjá félaginu fleiri en ein vátrygging sem barnið gæti átt bótarétt úr og greiddast bætur þá hlutfallslega eftir vátryggingarfjárhæðum.

Greiðslur bóta úr vátryggingunni vegna barna, fósturbarna og stjúpbarna vátryggðs hafa hvorki áhrif á vátryggingarfjárhæð né gildi vátryggingarinnar. Bætur vegna hvers barns eru aðeins greiddar einu sinni.

Bætur eru ekki greiddar vegna barna, fósturbarna eða stjúpbarna vátryggðs nema bótaskyldur sjúkdómur greinist á gildistíma vátryggingarinnar. Greinist sjúkdómur eftir að vátrygging hefur fallið úr gildi er engin bótaskylda til staðar þó leiða mætti líkum að því að sjúkdómur hefði verið til staðar meðan vátryggingin var í gildi.

Bætur eru ekki greiddar vegna sjúkdóma eða aðgerða sem sannanlega má rekja, beint eða óbeint, til ástands barns fyrir ofangreind aldursmörk eða fyrir töku eða endurupptöku vátryggingarinnar.

Bætur eru ekki greiddar vegna ættleiddra barna ef hægt er að rekja orsakir sjúkdóms eða aðgerðar til ástands barns áður en það var ættleitt. Sama gildir um stjúpborn og fósturbörn.

Skilyrði fyrir bótaskyldu er að börn, fósturbörn eða stjúpborn lifi a.m.k. í þrjátíu daga frá því að þau greinast með sjúkdóm eða aðgerð var framkvæmd, sem leiðir til bótaskyldu.

Nánar um greiðslur bóta, bótasvið og takmarkanir á bótaskyldu vísast til greina 3, 4, 6 og 7 eftir því sem þær eiga við.

**6. gr. Vátryggður veldur vátryggingaratburði****Ásetningur**

Ef vátryggður hefur af ásetningi valdið því að vátryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 89. gr. laga nr. 30/2004.

## 7. gr. Takmarkanir á bótaskyldu

Aðrir sjúkdómar, aðgerðir og tilvik en þau sem talin eru upp sem bótaskyld í 4. gr. eru ekki bótaskyld samkvæmt váttryggingu þessari. Ekki eru greiddar bætur ef viðkomandi gengst undir kransæðaaðgerð eða greinist með krabbamein, heila- og mænusigg eða hjartaáfall á fyrstu þremur mánuðum eftir töku váttryggingarinnar né við endurupptöku váttryggingarinnar. Bætur úr váttryggingu þessari greiðast váttryggðum vegna hans sjálfs aðeins einu sinni. Bætur úr barnasjúkdómatryggingu, sbr. 5. gr. greiðast váttryggðum aðeins einu sinni vegna hvers barns.

Skilyrði fyrir bótageiðslu er að váttryggður lifi a.m.k. í þrjátíu daga frá því váttryggingaratburður var staðfestur.

Takmarkanir á bótaskyldu samkvæmt þessari grein eiga einnig við um barnasjúkdómatrygginguna.

## 8. gr. Iðgjaldafrelsi

Missi váttryggður að minnsta kosti helming starfsorku sinnar á gildistíma váttryggingarinnar, vegna slyss eða sjúkdóms, öðlast hann rétt til lækkunar iðgjalda meðan það ástand varir en þó að hámarki í fimm ár. Iðgjaldafrelsið hefst sex mánuðum eftir að starfsorkumissirinn var metinn. Alger starfsorkumissir veitir rétt til fulls iðgjaldafrelsis en skerðing starfsorku um 50% eða meira veitir rétt til hlutfallslegrar lækkunar iðgjalds

Beiðni um iðgjaldafrelsi skal berast félaginu skriflega á þar til gerðu eyðublaði ásamt nauðsynlegum gögnum til mats á starfsorkumissinum, félaginu að kostnaðarlausu. Til grundvallar mati á starfsorkumissi mun félagið leggja mat á hæfni váttryggðs til að gegna starfi sínu og möguleika á að gegna öðrum störfum.

Iðgjaldafrelsi er aldrei veitt fyrir lengra tímabil en eitt ár aftur í tímann áður en beiðni um það barst félaginu. Á meðan váttryggður nýtur iðgjaldafrelsis ber honum að láta félaginu í té nauðsynlegar heilsufarsupplýsingar auk annarra gagna og fara í lækni skoðanir eins og þurfa þykir, á kostnað félagsins. Váttryggðum er skylt að tilkynna félaginu strax og hann endurheimtir starfsorku sína að hluta eða að fullu.

Váttryggður öðlast ekki rétt til iðgjaldafrelsis ef starfsorkan skerðist beint eða óbeint af völdum:

- stríðs, óeirða, uppbota, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða. Sama gildir um hvers kyns tjón af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna,
- hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira,
- sjúkdóms sem var fyrir hendi eða sýnt hafði einkenni fyrir gildistöku váttryggingarinnar né vegna afleiðinga slyss sem orðið hafði fyrir gildistöku váttryggingarinnar.

Ef rekja má orsök starfsorkumissisins til háttsemi sem verður metin váttryggðum til stórkostlegs gáleysis eða ásetnings, svo sem misnotkunar áfengis, fíkniefna eða eitrefna, eða vegna þátttöku í refsiverðum verknaði, öðlast váttryggður ekki rétt til iðgjaldafrelsis. Sé um ásetning að ræða ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 89. gr. laga nr. 30/2004. Sé um stórkostlegt gáleysi að ræða má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.

Ákvæði 14. gr. um brot á upplýsingaskyldu, svik og rangar upplýsingar gilda einnig um iðgjaldafrelsi, eftir því sem við á.

Félagið tilkynnir váttryggingartaka skriflega ákvörðun sína um iðgjaldafrelsi.

Um iðgjaldafrelsi gilda að öðru leyti almenn ákvæði skilmála váttryggingarinnar, eftir því sem við á.

## 9. gr. Réttur til hækkunar á váttryggingarfjárhæð án yfirlýsingar um heilsufar

Ef iðgjald fyrir sjúkdómatrygginguna er ákveðið án aukaiðgjalds (álags) og váttryggingin er án undanskilinnar áhættu getur váttryggður sótt skriflega um hækkun á váttryggingarfjárhæðinni á gildistíma váttryggingarinnar, án frekari upplýsinga um heilsufar sitt innan þriggja mánaða frá því að annað hvort eftirfarandi atvika á sér stað:

- váttryggður eignast barn eða
- váttryggður ættleiðir barn sem er yngra en 18 ára.

Hámarkshækkun váttryggingarfjárhæðar er 25% fjárhæðarinnar en að hámarki kr. 2.000.000 þó þannig að heildarváttryggingarfjárhæð váttryggðs fari ekki yfir kr. 12.000.000. Þessi réttur til hækkunar fellur niður við 45 ára afmælisdag váttryggðs.



Við hækkun váttryggingarfjárhæðarinnar hækkar iðgjald váttryggðs samkvæmt iðgjaldaskrá félagsins. Hækkunin tekur gildi á næsta gjalddaga eftir að öll skilyrði hafa verið uppfyllt. Ekki er hægt að nýta þennan rétt ef bótakrafa hefur verið gerð samkvæmt 4. gr. eða ef váttryggður hefur greinst með einhvern þeirra sjúkdóma, gengist undir eða bíður einhverrar aðgerðar, hann hefur hent eitthvert þeirra tilvika sem skilgreind eru í 4. gr. eða ef váttryggður hefur slasast alvarlega á samningstímanum.

## 10. gr. Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á váttryggingartímabilinu

### Iðgjaldið

Váttryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins. Iðgjald ræðst af gildandi iðgjaldaskrá félagsins. Fyrsta iðgjald fellur í gjalddaga þann dag sem váttryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu til váttryggingartakans.

Krafa um greiðslu iðgjalds verður send váttryggingartaka á það heimilisfang sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu.

Breytingar á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað.

### Vanskil

Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur váttryggingin þegar niður, sbr. 96. gr. laga nr. 30/2004.

Ef váttryggður vill fá váttrygginguna í gildi aftur verður hann að fylla út nýja umsókn sem er metin af félaginu hverju sinni.

### Uppgjör ef samningi er slitið á váttryggingartímabilinu

Ef váttryggingarsamningi, sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma, er slitið á váttryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem váttryggingin var í gildi. Þetta gildir ekki þegar váttryggingaratburður hefur orðið á váttryggingartímabilinu sem veitir rétt til greiðslu váttryggingarfjárhæðarinnar. Félagið endurgreiðir þó ekki iðgjald fyrstu þriggja mánuðina frá útgáfu váttryggingarinnar.

## 11. gr. Vísitöluákvæði

Innan hvers váttryggingarárs hækkar váttryggingarfjárhæðin mánaðarlega í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Útreikningur miðast við vísitölu mánaðarins áður en váttryggingin eða hækkun váttryggingarfjárhæðarinnar tekur gildi.

Lækki vísitalan þá hefur það ekki áhrif til lækkunar á váttryggingarfjárhæðinni. Iðgjald váttryggingarinnar er háð aldri, kyni og því hvort váttryggður reykir eða ekki og breytist árlega við endurnýjun. Ef iðgjald greiðist oft en einu sinni á ári, hækka síðari greiðslur í sama hlutfalli og váttryggingarfjárhæðin.

## 12. gr. Iðgjaldabreytingar og breytingar á grundvelli váttryggingarinnar

Fyrsta iðgjald fyrir váttryggingu þessa er reiknað samkvæmt gildandi iðgjaldaskrá félagsins, miðað við váttryggingarfjárhæð og aldur váttryggðs við gildistöku váttryggingarinnar.

Í sjúkdómatryggingum með aldurstengdu iðgjaldi hækkar iðgjaldið á endurnýjunardegi ár hvert fram til 55 ára aldurs váttryggðs í samræmi við iðgjaldaskrá félagsins. Frá og með 56 ára aldri lækkar váttryggingarfjárhæðin á endurnýjunardegi ár hvert og miðast lækkunin við að iðgjald haldist óbreytt að raunvirði.

Félagið áskilur sér rétt til breytinga á iðgjaldaskrá ef almenn áhættuaukning verður eða almennar forsendur váttryggingarinnar reynast aðrar en áætlað var í tæknilegum grundvelli váttryggingarinnar. Allar slíkar breytingar yrðu lagðar fyrir Fjármálaeftirlitið áður en þær tækju gildi.

## 13. gr. Réttur til uppsagnar á váttryggingartímanum

Félagið getur sagt upp váttryggingunni ef einhver eftirtalinna atvika eiga við:

1. ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;
2. ef váttryggingartaki hefur viðhaft svíksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;

Váttryggingartaki getur slitið samningnum hvenær sem er skv. 1. mgr. 75. gr. laga nr. 30/2004, og skal það gert skriflega.

## 14. gr. Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar

### Upplýsingar um áhættuna

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður svíksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og váttryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

### Upplýsingar við uppgjör bóta

Sá sem við tjónsuppgjör veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta glatar öllum rétti á hendur félaginu samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við viðkomandi með einnar viku fyrirvara.

## 15. gr. Réttthafar

Váttryggður er réttthafi sé annar ekki tilgreindur sem slíkur í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

## 16. gr. Frestur til að tilkynna um váttryggingaratburð

Váttryggður glatar rétti til bóta ef:

1. hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 124. gr. laga nr. 30/2004.

## 17. gr. Fyrning

Kröfur um bætur úr váttryggingu þessari farnast samkvæmt reglum 125. gr. laga nr. 30/2004.

## 18. gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum er vistuð hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum [www.fme.is](http://www.fme.is) og [www.sjova.is](http://www.sjova.is), auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

## 19. gr. Varnarþing

Varnarþing félagsins er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 20. gr. Þagnarskylda - Vernd persónuupplýsinga

Farið er með upplýsingar um váttrygginguna sem trúnaðarmál.

Samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 á sá sem upplýsingar eru skráðar um rétt á að fá upplýsingar hjá félaginu um vinnslu persónuupplýsinga um sig auk þess sem hann á rétt á því að félagið leiðrétti rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar.

Félagið notar þær persónuupplýsingar sem aflað er vegna vátryggingar þessarar aðeins við mat á vátryggingarbeiðnum, í því skyni að meta þörf á vátryggingarvernd og veita vátryggingartaka ráðgjöf um val á vátryggingum, við afgreiðslu bótakrafna, upplýsingagjöf til vátryggingartaka og við aðra eðlilega starfsemi félagsins.

Félagið leggur ríka áherslu á öryggi og trúnað við meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingar um viðskiptavini félagsins eru ekki afhentar þriðja manni nema samkvæmt skýru umboði, lögum eða dómsúrskurði.

**Skilmálar þessir gilda frá 1. júní 2016**

[Efst á skjal](#)